



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Reykjavík, 25. janúar 2005

Helgi Bjarnason
Amarhvoli
150 REYKJAVÍK

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti		Tilvísun: 2004100022/50.15	
Málsnr.	IVR04070075	Ábm.	SH HB
Bréfal.	00.000	Aðrir	BP
Mótt.	28.01.05	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

Efni: Umsögn um hugsanleg kaup ríkissins á rafgreini Áburðarverksmiðjunnar

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, dags. 25. október 2004, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um erindi frá Áburðarverksmiðjunni hf., þar sem ríkinu er boðinn til kaups rafgreinir verksmiðjunnar fyrir 30 milljónir króna.

Rökin fyrir því að ríkið kaupi þennan rafgreini gætu verið eftirfarandi:


1. Að hann gagnist við tilraunir til vetnisvæðingar á Íslandi.
2. Að hann gæti nýst við rannsóknir með einhverjum hætti.
3. Að hann hafi sögulegt gildi.

Skal nú fjallað um hvern þessara kosta:

1. Vetni það sem notað er við tilraunaakstur strætisvagna undir merkjum svokallaðs Ectos-verkefnis er framleitt í sérstakri átöppunarstöð, enda þótt fyrrgreindur rafgreinir hafi komið til álita í upphafi. Það mun mat þeirra sem best þekkja til að verði vetni notað í samgöngum og þá framleitt í því skyni hérlendis þá verði það gert á átöppunarstöðunum, enda sparast þannig viðkvæm og vandasöm geymsla og flutningur vetnisins. Að auki er nýtni umrædds rafgreinis væntanlega ekki eins og nú verður best náð. Sem liður í vetnisvæðingaráformum virðist greinirinn því ekki koma til álita. Þar við bætist að ríkið sjálf mun seint standa beint að tilburðum til vetnisvæðingar heldur koma að því með óbeinum hætti svo sem með stuðningi við fyrirtæki eins og Íslenska nýorku. Og þá hlýtur viðkomandi styrkþegi að taka sjálfur skynsamlegustu ákvörðun um tækjaval. Það væri því fremur við Íslenska nýorku að ræða en ríkið í þessu samhengi.
2. Mikið til sömu gagnrök eiga við um kaup á rafgreininum sem rannsóknartæki. Þar við bætist að rafgreinir Áburðarverksmiðjunnar er efalaust óþægilega fyrirferðarmikill til nota sem rannsóknartæki. Og aftur gildir að þeir sem rannsóknir stunda verða sjálfir að meta hvaða rannsóknartæki henta þeim best og sækja síðan í viðkomandi sjóði til kaupa á tækjunum. Ríkisvaldið á því heldur ekki að koma beint að kaupunum sem rannsóknartæki.
3. Vissulega var stofnun Áburðarverksmiðjunnar sögulega merkur viðburður, upphaf orkufreks iðnaðar og efnaiðnaðar í stórum stíl; verksmiðja sem frumherjar eins og Einar Benediktsson dreymdi um og svo mætti lengi telja. Því væri vissulega æskilegt að einhverjar minjar um starfsemi verksmiðjunnar yrðu varðveittar svo sem á tæknisafni Þjóðminjasafns. En þá nægir að geyma sérstaka gripi eða hluti, t.d. úr rafgreininum. Eðlilegt væri að eigandi verksmiðjunnar hefði beint samband við Þjóðminjasafnið og byði slíkt fram.

Orkustofnun telur því ekki ástæðu til þess að ríkið ráðist í kaup á umræddum rafgreini.

Virðingarfyllt
f.h. Orkustofnunar



Ágúst Valfells